

# Íslenska með hreim er líka íslenska

Greinargerð verkefnisstjórnar um íslenskukennslu fyrir útlendinga  
Staða verkefnis í maí 2008



# Íslenska með hreim er líka íslenska

Greinargerð verkefnisstjórnar um íslenskukennslu fyrir útlendinga  
Staða verkefnis í maí 2008

Menntamálaráðuneyti: Rit 37  
Maí 2008

Útgefandi: Menntamálaráðuneyti  
Sólvhólgötu 4  
150 Reykjavík  
Sími: 545 9500  
Bréfasími: 562 3068  
Netfang: [postur@mrn.stjr.is](mailto:postur@mrn.stjr.is)  
Veffang: [www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is)

Umbrot og textavinnsla: Menntamálaráðuneyti

Kápuhönnun: Menntamálaráðuneyti

Prentun: Gutenberg

© 2008 Menntamálaráðuneyti

ISBN 978-9979-777-59-5

## Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
1 Tillögur um næstu skref.....	3
2 Aðdragandi .....	4
3 Úthlutanir styrkja.....	5
3.1 Fyrri úthlutun 2007 .....	5
3.2 Síðari úthlutun 2007.....	5
3.3 Fyrsta úthlutun 2008.....	5
3.4 Sumarúthlutun 2008.....	5
4 Námskrá.....	6
5 Námsefnisgerð .....	6
6 Námskeið fyrir starfandi kennara.....	7
7 Þjónustuvefur.....	7
8 Gæði.....	8
9 Yfirlit um fylgiskjöl.....	10

## Inngangur

Greinargerðin sem hér birtist er tekin saman af verkefnisstjórn í íslensku fyrir útlendinga sem skipuð var af menntamálaráðherra 24. nóvember 2007. Verkefnisstjórnin var skipuð á grundvelli ákvörðunar ríkisstjórnarinnar frá 10. nóvember 2007 um 100 m.kr. fjárframlag til íslenskukennslu fyrir útlendinga. Ákveðinn rammi var settur um verkefnið í upphafi og hefur honum verið fylgt eftir föngum.

Þegar verkefnið hófst voru takmarkaðar upplýsingar til um þörf fyrir ýmsa þá verkþætti sem tilgreindir voru í ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Verkefnisstjórnin ákvað því að safna sem ítarlegustum upplýsingum í upphafi og þróa verkefnið með hliðsjón af þeim. Ákveðið var að leggja áherslu á úthlutun styrkja til námskeiðahalds þar sem eftirspurn reyndist mun meiri en fyrstu framlög gerðu ráð fyrir. Jafnframt hófst undirbúningur að ýmsum tímafrekum þróunarverkefnum og er afrakstur þeirrar vinnu nú að líta dagsins ljós. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði könnun meðal styrkþega fyrir verkefnisstjórnina fyrri hluta árs 2008 og hafa niðurstöður hennar verið gefnar út í sérstöku hefti. Einnig hafa greinargerðir og tillögur vinnuhópa Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins sem unnar voru fyrir verkefnisstjórnina verið settar á vef menntamálaráðuneytis.

Verkefnisstjórnin vonar að greinargerðin veiti góðar upplýsingar um það sem gert hefur verið til þessa og að hún geti orðið grundvöllur umræðna og samráðs um áframhaldandi þróun þessa mikilvæga verkefnis.

# 1 Tillögur um næstu skref

**Styrkir til námskeiða.** Áfram verði haldið styrkveitingum til námskeiðahalds á svipuðum nótum og verið hefur.

**Námskrá.** Menntamálaráðuneytið gefi út námskrá í íslensku fyrir útlendinga með formlegum hætti fyrir haustið 2008. Stefnt verði að því að notkun námskrár verði sett sem skilyrði fyrir styrkveitingum menntamálaráðuneytis sem fyrst. Hugað verði að gerð framhaldsnámskrár.

**Námsefnisgerð.** Auglýstir verði styrkir til námsefnisgerðar haustið 2008. Kannaðir verði skilmálar um höfundarrétt og undirbúnir samningar við höfunda þannig að sem mest efni verði aðgengilegt og ódýrt eða notendum að kostnaðarlausu. Stuðst verði við mælistiku vinnuhóps Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins við námsefnisgerðina.

**Námskeið fyrir starfandi kennara.** Myndaður verði ráðgjafahópur um inntak endurmenntunarnámskeiða fyrir kennara. Haldin verði námskeið um allt land og hefjist þau haustið 2008.

**Vefsvæði.** Hafin verði undirbúningur að opnun þjónustu- og upplýsingavefs fyrir íslenskukennslu útlendinga á Menntagátt sem fyrst.

**Gæði.** Gæði námskeiða verði bætt með setningu námskrár, styrkjum til námsefnisgerðar og endurmenntunarnámskeiðum fyrir kennara. Áfram verði krafist ítarlegra upplýsinga með umsóknum um styrki. Eftirlit ráðuneytisins með gæðum verði hert á grundvelli framangreindara atriða. Könnun verði gerð meðal útlendinga um afstöðu þeirra til íslenskukennslunnar.

## 2 Aðdragandi

Starfsgreinasamband Íslands og Samtök atvinnulífsins lögðu minnisblað fyrir forsætisráðherra 26. október 2006 um fjármögnun íslenskukennslu fyrir útlendinga. Þar var bent á að starfsmenntasjóðir félaganna, Starfsafl og Landsmennt, hefðu á tímabilinu 2004 til 2006 styrkt íslenskukennslu fyrir útlendinga í atvinnulífinu með samtals um 48,7 m.kr. Var jafnframt bent á að álag á fræðslusjóðina færi vaxandi og að mikilvægt væri að stjórnvöld brygðust við aukinni eftirspurn eftir íslenskukennslu með stórauðnum fjárframlögum. Um svipað leyti áttu sér stað líflegar umræður á Alþingi og í fjölmiðlum um málefni innflytjenda í íslensku samfélagi.

Ríkisstjórnin samþykkti 10. nóvember 2006 að verja 100 m.kr. til íslenskukennslu fyrir útlendinga árið 2007 og að fela menntamálaráðuneytinu umsjón verksins, sbr. fréttatilkynningu 10. nóvember 2006, *sbr. fylgiskjal 1*.

Sérstök verkefnisstjórn var skipuð vegna þessa með bréfi, dags. 24. nóvember 2006, *sbr. fylgiskjal 2*. Í verkefnisstjórnina voru skipuð Stefán Stefánsson, deildarstjóri í menntamálaráðuneyti, formaður, Kristín Jónsdóttir, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneyti, Védís Grönvold, sérfræðingur í menntamálaráðuneyti og Björg Kjartansdóttir, deildarsérfræðingur í félagsmálaráðuneyti. Ólafur Grétar Kristjánsson, deildarsérfræðingur í menntamálaráðuneyti hefur starfað með verkefnisstjórninni frá upphafi og m.a. haft umsjón með úthlutun styrkja. Vorið 2007 kom Ingibjörg Broddadóttir, deildarstjóri í félagsmálaráðuneyti til starfa í stjórninni í stað Bjargar Kjartansdóttur og Guðrún Ögmundsdóttir, verkefnisstjóri í menntamálaráðuneytinu í stað Kristínar Jónsdóttur.

Verkefnisstjórnin hafði strax í upphafi víðtækt samráð við fjölda samtaka og einstaklinga, sbr. viðmælendalista, dags. 15. janúar 2007, *fylgiskjal 3*.

Vegna mikils áhuga á styrkjum til námskeiða í íslensku fyrir útlendinga og óvissu um hver raunveruleg þörf væri fyrir styrki til námskeiðahalds var ákveðið þegar í upphafi árs 2007 að auglýsa sem fyrst. Auglýsing um fyrstu úthlutun styrkja var birt 12. janúar 2007, sbr. fréttatilkynningu og auglýsingu, *sbr. fylgiskjöl 4 og 5*. Umsóknarfrestur var til 2. febrúar 2007.

Þar sem nákvæmar upplýsingar um ýmsa þætti íslenskukennslunnar voru af skornum skammti var ákveðið að leita ítarlegri upplýsinga frá fræðsluaðilum er sóttu um styrki við þessa fyrstu úthlutun, m.a. um aðstæður til kennslu, menntun kennara og námsefni sem notað var, *sbr. fylgiskjal 6*.

Vegna mikillar eftirspurnar eftir styrkjum til námskeiðahalds ákvað ríkisstjórnin í júní 2007 að veita 100 m.kr. til viðbótar til íslenskukennslu fyrir útlendinga ári 2007. Alþingi samþykkti 200 m.kr. framlag á fjárlögum til íslenskukennslu fyrir útlendinga árið 2008.

### 3 Úthlutanir styrkja

#### 3.1 Fyrri úthlutun 2007

Ríkisstjórnin samþykkti að verja allt að 100 m.kr. til íslenskukennslu útlendinga árið 2007 eins og að framan greinir. Menntamálaráðuneytinu var falið að annast auglýsingu styrkja og úthlutun fjár. Fyrirhugað var að verja allt að 70 m.kr. til kennslunnar það ár og 30 m.kr. til þróunarverkefna. Þegar styrkir voru auglýstir fyrst bárust umsóknir um 140 m.kr. og það aðeins vegna kennslu sem ráðgert var að færi fram fyrri hluta árs 2007. Var þá ákveðið að endurskoða fyrri áætlanir veita vilyrði fyrir styrkjum að upphæð 90 m.kr. strax og leitast þannig við að mæta óskum umsækjenda. 10 m.kr. voru ætlaðar til þróunarverkefna þar eð þau voru skammt á veg komin á þeim tíma. Ekki reyndist unnt að mæta ýtrustu óskum sumra umsækjenda og var ákveðið að skera mest niður hjá stærstu fræðsluaðilum, en leitast við að styrkja kennslu hjá einstökum fyrirtækjum. Þegar upp var staðið úthlutaði menntamálaráðuneyti styrkjum til tæplega 60 fræðsluaðila eða fyrirtækja vegna kennslu fyrir 2.616 nemendur að fjárhæð 75 m.kr. fyrir hluta árs 2007, *sbr. fylgiskjöl 7 og 8.*

#### 3.2 Síðari úthlutun 2007

Umsóknir fyrir hluta árs 2007 leiddu í ljós gífurlega eftirspurn eftir námi í íslensku fyrir fólk af erlendum uppruna og ákvað ríkisstjórnin í júní að bæta við 100 m.kr. til þess að styrkja íslenskukennslu haustið 2007, *sjá fylgiskjal 9.* Auglýst var í ágúst og sótti þá aftur svipaður fjöldi aðila um 132 m.kr. Haustið 2007 var úthlutað 88,8 m.kr. til 65 fræðsluaðila eða fyrirtækja til íslenskukennslu fyrir 3.157 útlendinga.

#### 3.3 Fyrsta úthlutun 2008

Árið 2008 er 200 m.kr. fjárveiting til íslenskukennslu útlendinga á fjárlögum, en auk þess er afgangur frá árinu 2007 að fjárhæð um það bil 25 m.kr. Auglýst var eftir umsóknum um styrki 10. janúar og bárust umsóknir að fjárhæð tæplega 179 m.kr. vegna kennslu fyrir 5.100 einstaklinga af erlendum uppruna. Verkefnisstjórn birti úthlutunarreglur í janúar 2008, *sbr. fylgiskjal 10.* Ákveðið var að veita vilyrði fyrir styrkjum að fjárhæð 155 m.kr. til íslenskukennslu fyrir 5.100 útlendinga.

#### 3.4 Sumarúthlutun 2008

Á það hefur verið bent af umsækjendum að fyrirkomulag á styrkúthlutunum sé of ósveigjanlegt og komi ekki nægilega vel til móts við það óvissuástand sem alla jafna ríkir um fjölda þátttakenda á námskeiðum. Farið hefur verið fram á að úthlutunum styrkja verði fjölgað þannig að aðilar geti sótt oftar um. Verkefnisstjórn hefur brugðist við þessu með því að auglýsa styrki vegna íslenskukennslu fyrir útlendinga sumarið 2008.



## 4 Námskrá

Eitt af upphaflegum viðfangsefnum verkefnisstjórnarinnar var að láta vinna námskrá fyrir íslenskukennslu útlendinga. Samið var við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um að halda utan um vinnuna, en verkið sjálft vann hópur sérfræðinga sem hefur hvað mesta reynslu af íslenskukennslu útlendinga. Ákveðið var að byggja á skilgreindum færnistigum í kennslunni og hafa hliðsjón af Evrópsku tungumálamöppunni, *sjá* [http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/elp\\_framhaldsskola.pdf](http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/elp_framhaldsskola.pdf). Samkvæmt fyrirbyggjandi tillögu að námskrá mun námið skila nemendum á stig A 1 í möppunni, sem samsvarar um 225 klst. námi í íslensku og skiptist í fjögur námskeið.

Námskrárrögin hafa verið sett á vef menntamálaráðuneytis til kynningar og dóms- og kirkjumálaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, Innflytjendaráði og Leikn – samtökum fullorðinsfræðsluaðila skrifað bréf þar sem vakin er athygli á drögunum og þessum aðilum gefinn kostur á að tjá sig um þau. Einnig hefur athygli fræðsluaðila og fyrirtækja verið vakin á námskrárrögunum og þeim gefinn kostur á að tjá sig um þau, *sjá* <http://www.menntamalaraduneyti.is/nyrit/nr/4506>.

Stefnt er að því að menntamálaráðuneytið gefi námskrána út fyrir haustið 2008 og að þeir sem að námskeiðum standa hafi hana til hliðsjónar í kennslu. Stefnt verði að því að notkun námskrárinnar verði sett sem skilyrði fyrir styrkveitingum menntamálaráðuneytis til námskeiðahalds sem fyrst. Ætla má að innan skamms verði að hefja gerð framhaldsnámskrár fyrir íslenskukennslu útlendinga sem tengja mætti aðalnámskrá framhaldsskóla.

## 5 Námsefnisgerð

Þegar styrkir voru auglýstir í fyrstu umsóknarlotu 2007 var leitað eftir ítarlegum upplýsingum frá umsækjendum um námsefni sem notað er í íslenskukennslu fyrir útlendinga. Þegar umsóknir voru skoðaðar virtist ekki skorta námsefni fyrir byrjendur, en helst vera þörf fyrir ítarefni og framhaldsefni.

Könnun Félagsvísindastofnunar, sem nánar verður vikið að síðar, sýnir að svarendur telja framboð á fyrirbyggjandi námsefni fyrir byrjendur í bestu horfi. Rúmlega 50% segja það mjög eða frekar gott. Við mat á ítar- og sérhæfðu efni telja 21% svarenda það vera mjög eða frekar gott, 27% telja það hvorki gott né slæmt og 42% svarenda segja að framboð sé frekar eða mjög slæmt.

Samkvæmt þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið sem er í gildi frá 26. janúar 2006 til ársloka 2009, er það m.a. hlutverk Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins að láta útbúa námsefni í íslensku fyrir erlenda starfsmenn og þjálfara kennara/leiðbeinendur í notkun þess.

Haustið 2006 var FA falið að stýra verkefni sem fólst í því að útbúa námsefni sem miðaðist við 150 stunda íslenskunám sem lýst er í námskrárrögum sem dómsmálaráðuneytið hafði látið vinna í tengslum við veitingu ríkisborgararéttar. Það kom í ljós við upphaf starfsins að forsendur höfðu breyst mikið vegna stækkunar EES svæðisins. Jafnframt var ljóst að til þess að unnt væri að vinna námsefni þyrfti að vera til námskrá fyrir þetta nám. Ákveðið var að hefja undirbúning námskrárgerðar og mælistiku með ítarlegum viðmiðum og gátlistum sem ætluð er námsefnishöfundum og þeim sem leggja mat á gæði. Einnig að vinna sem best ýmsa undirbúningsvinnu og kortleggja þarfir fyrir námsefni út frá reynslu í námskeiðahaldi víða um land og huga að því hvort eitthvað af því námsefni sem til er nú þegar sé hentugt miðað við breyttar forsendur.

Námsefnishópur FA safnaði saman námsefni og gögnum sem hafa verið notuð í íslenskukennslu fyrir fullorðna. Farið var yfir efnið og það flokkað eftir þýngdarstigi, innihaldi og gæðum og greint hvers konar námsefni væri þörf á að þróa og skapa. Stuðst var við fyrrgreinda mælistiku fyrir íslenskunámsefni.

Í tillögum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins koma eftirfarandi hugmyndir um námsefnisgerð fram: Auglýstir verði styrkir til námsefnisgerðar, athugaðar verði reglur um útbod, í auglýsingu komi fram kröfur um faglegt innihald, kröfur námskrár, hliðsjón af framangreindri mælistiku, hvort um er að ræða ritað efni, hlustunarefni, myndrænt efni, efni á vef og tímasetningar, *sjá*

<http://www.menntamalaraduneyti.is/menntamal/fullordinsfraedsla/>

Verkefnisstjórnin tekur undir tillögur um að auglýstir verði styrkir til námsefnisgerðar og leggur til að fyrstu úthlutanir fari fram haustið 2008. Kannaðir verði skilmálar um höfundarrétt og undirbúnir samningar við höfunda þannig að sem mest efni verði aðgengilegt og ódýrt eða notendum að kostnaðarlausu.

## 6 Námskeið fyrir starfandi kennara

Í könnun Félagsvísindastofnunar segja yfir 80% svarenda að gengið hafi frekar eða mjög vel að ráða kennara. Á sama tíma telja nær 90% aðspurðra að það sé mjög eða frekar mikil þörf á endurmenntunarnámskeiðum fyrir þá sem kenna íslensku fyrir útlendinga. Þessar niðurstöður benda til þess að auðvelt sé að fá kennara, en að þörf sé á að styrkja þá faglega í starfi. Í umsóknum kemur fram að margir þeirra sem kenna á námskeiðum sem njóta styrkja menntamálaráðuneytis eru með kennaramenntun. Hins vegar virðist vera þörf fyrir endurmenntun, annars vegar í kennslufræði fullorðinna og hins vegar í kennslu íslensku sem annars máls.

Verkefnisstjórn leggur til að haldin verði námskeið fyrir leiðbeinendur og kennara sem kenna útlendingum íslensku. Komið verði á ráðgjafahópi m.a. með fulltrúum frá Ísbrú, FA, HÍ og KHÍ. Ráðgjafahópnum verði falið að gera tillögur um faglegt innihald námskeiða sem tækju einkum til kennslufræði fullorðinna og kennslu íslensku sem annars máls. Stefnt verði að því að halda námskeið fyrir kennara um allt land og hefjist þau haustið 2008.

## 7 Þjónustuvefur

Í undirbúningi er að opna vefsvæði á Menntagátt með upplýsingum og ýmsum gögnum er varða íslenskukennslu fyrir útlendinga. Þar yrði haldið til haga námskrám, námsefni, tenglum o.fl. Jafnframt mætti vera þar þjónustuvæði fyrir kennara og fræðsluaðila með ráðleggingum og upplýsingum. Slíkur vefur yrði til að byrja með hugsaður fyrir íslenskukennslu fullorðinna útlendinga og þjónaði kennurum, fræðsluaðilum og nemendum. Jafnframt yrði í upphafi gert ráð fyrir því að vefurinn myndi þróast í átt að viðameiri þjónustu- og upplýsingagjöf til leik-, grunn- og framhaldsskóla. Verkefnisstjórnin leggur til að unnið verði áfram að nánari útfærslu þessarar hugmyndar og slíkur þjónustuvefur opnaður við fyrstu hentugleika.

## 8 Gæði

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um íslenskukennslu fyrir útlendinga var menntamálaráðuneytinu falið að hafa yfirumsjón með og bera ábyrgð á þeirri íslenskukennslu fyrir útlendinga sem greidd er úr ríkissjóði. Menntamálaráðuneytið á jafnframt að tryggja reglubundið eftirlit með framkvæmd íslenskukennslu fyrir útlendinga. Þar sem hvorki voru fyrirbyggjandi lög, reglugerðir, námskrá né gæðaviðmiðanir um íslenskukennsluna taldi verkefnisstjórnin ekki unnt að skilgreina ákveðnar gæðakröfur fyrirfram. Verkefnisstjórnin ákvað þess vegna að mæta þessu með því að óska eftir ítarlegum upplýsingum frá umsækjendum. Spurt var m.a. um markhóp, markmið námskeiðs, menntun kennara og starfsreynslu, námsefni, aðstöðu til kennslu og hvenær kennt væri. Þessar upplýsingar voru hafðar til hliðsjónar við úthlutun styrkja. Aðrir þættir sem miða að því að auka gæði íslenskukennslu fyrir útlendinga eru m.a. útgáfa námskrár, námskeið fyrir kennara og styrkir til námsefnisgerðar.

Til þess að kanna frekar framkvæmd námskeiða ákvað verkefnisstjórnin að semja við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands um að gera könnun meðal þeirra sem fengu styrk frá ráðuneytinu vegna íslenskukennslu fyrir útlendinga vorið 2007. Könnunin var unnin á tímabilinu janúar til apríl 2008 og var rafrænn spurningalisti sendur til 55 umsækjendanna. Svör bárust frá 52 aðilum, þ.e. 23 fræðsluaðilum og 29 fyrirtækjum. Könnuninni var ætlað að afla upplýsinga, veita umsækjendum aðhald og auka gæði umsóknarferilsins í heild. Niðurstöður könnunarinnar hafa verið gefnar út í sérstöku hefti og birtar á vef menntamálaráðuneytis.

Niðurstöðunum má skipta í tvennt. Annars vegar var um að ræða svör sem snúa að námskeiðunum og hins vegar svör sem að endurspeglu viðhorf styrkþega til ýmissa þátta sem tengjast umsóknarferlinu og mati á umhverfi íslenskukennslu fyrir útlendinga.

Þegar ríkisstjórnin ákvað að setja 100 m.kr. í íslenskukennslu fyrir útlendinga var það m.a. markmiðið að nemendur bæru ekki mikinn kostnað af náminu. Því var í könnuninni spurt um kostnað vegna námskeiðanna. Í 13 tilvikum var námskeið nemendum að kostnaðarlausu en 19 sögðu nemendur hafa greitt námskeiðsgjald og var gjaldið þá á bilinu 10 til 15 þús. eða milli 20 og 30% af raunkostnaði. Algengast var hjá bæði fyrirtækjum og fræðsluaðilum að þau bæru kostnað af námskeiðahaldinu vegna launa. Þar á eftir kom kostnaður vegna húsnæðis og námsgagna. Spurt var hvort aðrir styrkir hefðu fengist til námskeiðahaldsins en 40 af þeim 52 sem svöruðu sögðust ekki hafa fengið aðra styrki.

Kannað var á hvaða tíma dagsins námskeið fóru fram og leiddi könnunin í ljós að 16 námskeið fóru fram á vinnutíma, 19 að hluta á vinnutíma og að hluta eftir vinnu, 24 á virkum dögum eftir vinnu og 8 um helgar. Þá var spurt hvort þátttakendur hafi fengið greidd laun á kennslutíma og leiddi könnunin í ljós að 31% fengu full laun, 20% fengu laun að hluta, 31% fengu ekki laun, en í 18% tilvika var það ekki vitað.

Verkefnisstjórnin lagði einnig áherslu á að skoða viðhorf umsækjanda til úthlutunarinnar. Umsóknareyðublöð vegna styrkjanna voru nokkuð ítarleg en 65% svarenda voru mjög eða frekar ánægðir með umsóknareyðublöðin og 33% sögðust hvorki ánægðir né óánægðir. Þegar spurt var um tímasetningar umsóknar- og úthlutunarferils voru 43% frekar eða mjög ánægðir en 24% frekar eða mjög óánægðir.

Svarendur voru beðnir að meta framboð á fyrirbyggjandi námsefni til íslenskukennslu fyrir útlendinga og það kom skýrt fram að framboð á námsefni fyrir byrjendur er talið í bestu horfi en 53% segja það mjög eða frekar gott. Hinsvegar telja 42% svarenda að framboðið af ítar- og sérhæfðu efni frekar eða mjög slæmt. Aðgengi útlendinga að íslenskunámskeiðum telur meirihluti svarenda, eða 70%, gott eða mjög gott og 18% telja það hvorki gott né slæmt.

Að síðustu var spurt hvort viðkomandi hefði í hyggju að sækja aftur um styrk til íslenskukennslu fyrir útlendinga og 86% sögðust ætla að gera það en þrír svöruðu því neitandi.

Við tillögugerð sína hefur verkefnisstjórnin stuðst við niðurstöður ofangreindrar könnunar Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands.

Verkefnisstjórnin stefnir að því að láta gera frekari kannanir, m.a. meðal útlendinga. Markmið slíkra kannana er að fá fram skoðanir þeirra sem nýta þjónustuna.

Einstakir verkþættir í íslenskukennslu útlendinga þurfa að vera í stöðugri þróun til að tryggja sem mest gæði kennslunnar. Hér má nefna námskrá, námsefni, kennsluhætti, stuðning við foreldra barna af erlendum uppruna o.fl. Mikilvægt er að kalla eftir hugmyndum um það hvernig sinna má slíkum verkefnum með markvissum hætti og leggur verkefnisstjórnin til að kannað verði hvernig styðja megi fjárhagslega við nýjungar og þróunarverkefni í þessum málaflokki.

## 9 Yfirlit um fylgiskjöl

1. Fréttatilkynning, 10. nóvember 2006
2. Skipunarbréf verkefnisstjórnar, 24. nóvember 2006
3. Viðmælendalisti vegna samráðs við undirbúning, 15. janúar 2007
4. Fréttatilkynning, 12. janúar 2007
5. Auglýsing um styrki , 12. janúar 2007
6. Umsóknareyðublað, 12. janúar 2007
7. Fréttatilkynning um fyrstu úthlutun, 13. mars 2007
8. Fréttatilkynning með yfirliti um úthlutun, 27. mars 2007
9. Fréttatilkynning um aukin fjárframlög, 7. ágúst 2007
10. Reglur um úthlutun styrkja, 17. janúar 2008
11. Heildargreiðslur styrkja 2007
12. Fyrsta úthlutun vor 2008 - vilyrði

## Fylgiskjal 1. Fréttatilkynning 10. nóvember 2006

### Íslenskukennsla fyrir útlendinga

Mikil fjölgun hefur orðið á fólki af erlendum uppruna sem kemur til Íslands til lengri eða skemmri dvalar og er skýringa á því ekki síst að leita í mikilli eftirspurn eftir vinnuafli og hagsæld hér á landi. Hindrunum fyrir frjálstri för einstaklinga innan hins Evrópska efnahagssvæðis (EES) hefur verið rutt úr vegi og fjölmargir borgarar í Evrópusambandslöndum (ESB) hafa komið hingað, einkanlega frá þeim ríkjum sem gengið hafa í ESB á síðustu árum, en töluverður fjöldi hefur einnig flust hingað frá ríkjum utan ESB.

Fjöldi einstaklinga með erlent ríkisfang sem búsettir eru hér á landi var 5.148 í árslok 1996, 9.850 í árslok 2001 og 13.378 í árslok 2005. Frá áramótum til loka september sl. bættist hratt í hópinn og nemur fjöldi einstaklinga með erlent ríkisfang sem búsettir eru hér á landi nú um 18.074. Hann skiptist þannig að um 10.440 eru með ríkisfang innan EES (önnur en Norðurlönd), 1.301 eru frá löndum í Evrópu utan EES, 2.938 frá Asíulöndum, 1.174 frá N- og Suður Ameríku, 1.699 frá Norðurlöndum og 339 frá Afríku. Til viðbótar þessum einstaklingum má telja þá um 4.200 einstaklinga sem hlotið hafa íslenskan ríkisborgararétt frá 1991 en fjölgun í þeim hópi hefur verið hröð og á sl. ári var um 630 einstaklingum veittur íslenskur ríkisborgararéttur. Þessi fjöldi á það sameiginlegt að móðurmál þeirra er ekki íslenska.

Ekki er ágreiningur um að tungumálakunnátta er grundvallarforsenda fyrir fullri þátttöku og aðlögun fólks að íslensku samfélagi. Nauðsynlegt er að taka þessi málefni fastari tókum og skilgreina verkaskiptingu og ábyrgðarsvið einstakra ráðuneyta.

Hvað menntamálaráðuneyti áhrærir er vilji til þess að ráðuneytið beri ábyrgð á og skipuleggi íslenskunám fyrir útlendinga enda fáist fjármunir til að standa undir slíkri starfsemi. Tillögur um skipulag og framkvæmd kennslunnar eru eftirfarandi:

### A. Skipulag – umsýsla og eftirlit

Stofnað verði til sérstaks verkefnis um íslenskukennslu fyrir útlendinga með verkefnisstjórn sem í sitji fulltrúar menntamálaráðherra og félagsmálaráðherra. Markmið verkefnisins verði að koma íslenskukennslu fyrir útlendinga í það horf sem vel verði við unað. Á næstu þremur árum verði lögð áhersla á 200 tíma nám sem mætir þörfum byrjenda í íslensku, óháð bakgrunni þeirra. Í framhaldi af því verði stefnt að því að byggja ofan á þetta námsframboð svo öllum þeim sem hér setjast að verði gert kleift að öðlast nokkra færni í íslensku. Menntamálaráðuneyti hafi yfirumsjón með og beri ábyrgð á þeirri íslenskukennslu fyrir útlendinga sem greidd yrði úr ríkissjóði.

### B. Námskrár í íslensku

Fyrir tilstuðlan menntamálaráðuneytis verði samin námskrá í íslensku fyrir útlendinga þar sem miðað er við að nemendur öðlist ákveðna grundvallarfærni í íslensku. Námskráin þarf að vera sveigjanleg þannig að hún mæti þörfum ólíkra hópa, t.a.m. eftir uppruna og námsstigi, og æskilegt er að hún verði sveigjanleg og samansett úr einingum sem má raða saman í stærri heild. Meginmarkmið námskrárinnar verði að skilgreina almenn færnimarkmið í íslensku sem einnig mætti leggja til grundvallar í tengslum við ákvarðanir um veitingu ríkisborgararéttar.

### C. Námsefni

Til að tryggja framboð á námsefni sem hæfir markmiðum námskrár er nauðsynlegt að veita styrki til að semja og gefa út námsefni í íslensku. Námsefnið þarf að mæta þörfum fólks af ólíkum málsvæðum og með ólíka getu í íslensku og huga þarf að möguleikum þess að þróa rafrænt námsefni.

## D. Menntun og þjálfun kennara

Menntamálaráðuneyti skilgreini lágmarkskröfur sem gera þarf til kennara á þessu sviði. Gert verði sérstakt tímabundið átak með námskeiðahaldi fyrir kennara en jafnframt verði starfandi kennurum með haldgóða reynslu á þessu sviði gefinn kostur á raunfærnimati til viðurkenningar. Forðast verði að loka leiðum eða setja of stíf skilyrði í byrjun. Leitað verði eftir því að semja við viðurkenndan aðila, t.a.m. háskólastofnanir, um að annast menntun og þjálfun kennara.

## E. Framkvæmd og tilhögun kennslu

Miðað er við að menntamálaráðuneyti geri viðauka við gildandi þjónustusamning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um að annast umsjón og samningsgerð við fræðsluaðila vegna íslenskukennslu fyrir útlendinga en þó kæmi til greina að gera slíkan samning við annan aðila. Þeir fræðsluaðilar sem hér er vísað til eru símenntunarmiðstöðvar, framhaldsskólar og fyrirtæki sem fær eru um að mæta kröfum námskrár í íslensku fyrir útlendinga og uppfylla þau formskilyrði sem ráðuneytið setur. Miðað er við að hluti fræðslunnar geti farið fram á vinnustöðum í samvinnu við atvinnurekendur.

## F. Eftirlit

Menntamálaráðuneyti mun tryggja reglubundið eftirlit með framkvæmd íslenskukennslu fyrir útlendinga. Jafnframt mun ráðuneytið tryggja að upplýsingum um nám og framvindu þess verði haldið til haga í gagnagrunninum Innu þar sem haldið er til haga upplýsingum um nám og námsframvindu einstaklinga.

## G. Próf

Vegna fyrirhugaðra breytinga á lögum um íslenskan ríkisborgararétt er jafnframt nauðsynlegt að koma á fót stöðuprófum í íslensku, í þeim tilgangi að gefa umsækjendum um ríkisborgararétt kost á að sýna fram á lágmarkskunnáttu í íslensku. Áhersla verði lögð á færni í almennum samskiptum og við það miðað að til að standast prófið þurfi ámóta kunnáttu og til að standast grunnskólapróf í ensku eða dönsku. Nauðsynlegt er að próf verði haldin a.m.k. tvisvar sinnum á ári.

## H. Kostnaður og fjármögnun

Kostnaður við framangreindar tillögur er verulegur. Ekki er raunhæft að gera ráð fyrir að þeim kostnaði verði mætt með gjaldtöku af þeim sem stunda námið nema að óverulegu leyti. Menntamálaráðuneyti hefur lagt fé til íslenskukennslu fyrir útlendinga á vegum fyrirtækja og símenntunarstöðva, alls um 18 m.kr. á ári en þeir fjármunir voru á sínum tíma ætlaðir til sérstakrar kennslu fyrir útlenda nemendur í framhaldsskólum og full þörf er á að nýta þá fjármuni í því skyni. Til að undirstrika umfang verkefnisins má nefna að 40% barna í einum fjölmennasta grunnskóla landsins, Fellaskóla, eiga sér annað móðurmál en íslensku. Þeirra bíður vonandi nám á framhaldsskólastigi.

Fyrirtæki, sveitarfélög og starfsmenntasjóðir atvinnulífsins hafa einnig lagt fé til námsins en ekki liggja fyrir heildstæðar tölur þar um.

Menntamálaráðuneyti áætlar að kostnaður við framangreindar tillögur verði sem hér segir (sjá töflu að neðan) en **fjárhæðirnar eru vitanlega háðar því að mikil óvissa er um hversu margir útlendingar munu sækjast eftir því að læra íslensku**. Hafa ber í huga að ríkisborgarar á EES svæðinu geta sest hér að án sérstakra leyfa og sækjast væntanlega fæstir eftir íslenskum ríkisborgararétti.

Að neðan er miðað er við nemendur séu (a)1.000 til 2.000 á ári næstu 3 árin, (b) að námskeiðahald skv. nýju skipulagi hefst af fullum krafti síðari hluta næsta árs, (c) að kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs nemi u.þ.b. 75% og að 200 stunda námskeið kosti um 170-200.000 þús. kr. á einstakling (raunkostnaður pr. einstakling er kr. 860-900 á klukkustund í 10-11 manna hópkenndu).

	2007	2008	2009
a. skipulag, umsýsla og eftirlit	8	10	10
b. námskrár í íslensku,	5	3	-
c. námsefni; styrkir, útboð	8	12	4
d. menntun og þjálfun kennara; samningur	8	8	4
e. framkvæmd og tilhögun kennslu;	70	135-270	135-270
f. þjónustusamningur um umsýslu	4	4	4
g. próf, samning og fyrirlagning (dómsmálaráðuneyti.)	-	2	4
<b>Samtals:</b>	<b>100</b>	<b>172-305</b>	<b>162-297</b>

Ætla má að kostnaður á næsta ári verði lægri en á komandi árum einfaldlega vegna þess að breytingar á skipulagi og framboði námskeiða kæmu ekki til framkvæmda fyrr en á síðari hluta ársins. Athygli er vakin á því að hér er eingöngu miðað við að 5-10% þess hóps, sem gæti nýtt sér námið m.v. þann fjölda sem nú er í landinu, sækji námið. Eðlilegt má telja að fleiri en hið opinbera deili þessum kostnaði en rétt þykir að vara við því að ætla þeim sem sækja námið að bera mikinn kostnað af náminu: þá er hætt við að þeir sem síst skyldi ákveði að sækja ekki námskeiðin. Gera má þá kröfu til samtaka launþega og atvinnuveitenda, starfsmenntasjóða og annarra, sem er málið skylt, að þeir taki þátt í greiðslum fyrir námskeiðasókn umbjóðenda sinna.

**Ríkisstjórnin ákvað að fela menntamálaráðuneyti framkvæmd framangreinds verkefnis. Var framlögð fjárhagsáætlun samþykkt, með fyrirvara um aðsókn að náminu, þannig að framlög á árinu 2007 til verkefnisins verða 100 m.kr.**



## Fylgiskjal 2. Skipunarbréf verkefnisstjórnar 24. nóvember 2006



Stefán Stefánsson, deildarstjóri  
Hvassaleiti 59  
108 Reykjavík

### MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 4 · 150 Reykjavík  
sími: 545 9500 · bréfasími: 562 3068  
netfang: postur@mrn.stjr.is  
www.menntamalaraduneyti.is

kt. 080153-3769

Reykjavík 24. nóvember 2006  
Tilv.: MMR06110171/2.3.7-

Efni: Skipun í verkefnisstjórn um íslenskukennslu fyrir útlendinga.

Menntamálaráðuneyti skipar yður hér með formann verkefnisstjórnar um íslenskukennslu fyrir útlendinga til ársloka 2009. Verkefnisstjórnin starfar á grundvelli ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um íslenskukennslu fyrir útlendinga, 10. nóvember 2006, þar sem m.a. er kveðið á um að menntamálaráðuneyti hafi yfirumsjón með og beri ábyrgð á þeirri íslenskukennslu fyrir útlendinga sem greidd er úr ríkissjóði.

Í verkefnisstjórninni sitja:  
Stefán Stefánsson, deildarstjóri í menntamálaráðuneyti, formaður,  
Kristín Jónsdóttir, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneyti,  
Védís Grönvold, sérfræðingur í menntamálaráðuneyti og  
Björg Kjartansdóttir, deildarsérfræðingur í félagsmálaráðuneyti.

Markmið verkefnisins er að móta farveg íslenskukennslu fyrir útlendinga til framtíðar. Á næstu þremur árum skal lögð áhersla á að byggja upp 200 tíma nám sem mæti þörfum útlendinga fyrir færni í íslensku, óháð bakgrunni þeirra.

Viðfangsefni verkefnisstjórnarinnar eru m.a. umsjón með og tillögugerð um eftirfarandi verkþætti: Samning námsskrár þar sem miðað er við að nemendur öðlist ákveðna grundvallarfærni í íslensku; styrkveitingar til samningar og útgáfu námsefnis; tillögur um fyrirkomulag menntunar kennara; tillögur um fyrirkomulag kennslu og greiðslur ríkisins til fræðsluaðila; tillögur um fyrirkomulag vottunar og gæðaeftirlits sem og fyrirkomulag námsmats og prófa.

Verkefnisstjórnin skal hafa sem viðtækast samráð við ráðuneyti, stofnanir, fyrirtæki og hagsmunaaðila er málinu tengjast á einhvern hátt.

Fyrir hönd ráðherra

Guðmundur Arnason

Sólrún Jensdóttir

### Fylgiskjal 3. Viðmælendalisti vegna samráðs við undirbúning

#### Síðasta uppfærsla 15. janúar 2007

Ingi Bogi Bogason, SA, stjórnarformaður Starfsafls, (símtöl)  
Skúli Thoroddsen, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambands Íslands, (símtal)  
Aðalsteinn Á. Baldursson, formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis,  
stjórnarformaður Landsmenntar, (símtal)  
Anna Guðrún Björnsdóttir, Samband ísl. sveitarfélaga, (fundur, 11/12/06)  
Svandís Ingimundardóttir, Samband ísl. sveitarfélaga, (fundur, 11/12/06)  
Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins,  
(fundur, 12/12/06)  
Kvasir (fjarfundur 9 símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni, 14/12/06):  
Guðjónína Sæmundsdóttir, Keflavík  
Inga Dóra Halldórsdóttir, Borgarnesi  
Smári Haraldsson, Ísafirði  
Bryndís Þráinsdóttir, Sauðárkróki  
Jóhann Ingólfsson, Sauðárkróki  
Soffía Gísladóttir, Akureyri  
Anna Guðný Guðmundsdóttir, Akureyri  
NN, Akureyri  
Óli Halldórsson, Húsavík  
Guðrún Reykdal, Egilsstöðum  
Laufey Eiríksdóttir, Egilsstöðum  
Katrín María Magnúsdóttir, Egilsstöðum  
Ásmundur Sverrir Pálsson, Selfossi  
Valgerður Guðjónsdóttir, Vestmannaeyjum  
Sveinn Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri Starfsafls, (fundur, 15/12/06)  
Kristín Njálisdóttir, framkvæmdastjóri Landsmenntar, (fundur, 15/12/06)  
Leikn, Samtök fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi (fjarfundur stjórnar, 20/12/06):  
Smári Haraldsson, Ísafirði  
Guðjónína Sæmundsdóttir, Keflavík  
Hulda Ólafsdóttir, Mímir – símenntun  
Arnbjörn Ólafsson, Mennt  
Anna Þóra Gylfadóttir, Mennt  
Birna Gunnlaugsdóttir  
Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alþjóðahúss, (fundur, 20/12/06)  
Ingibjörg Hafstað, verkefnisstjóri Alþjóðahúsi, (fundur, 20/12/06)  
Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Framvegis, (fundur, 21/12/06)  
Anna Guðný Guðmundsdóttir, Alþjóðastofa á Akureyri, (fjarfundur og símtal)  
Elsa Arnardóttir, Fjölmenningssetur á Ísafirði, (símtöl)  
Hildur Elín Vignir, framkvæmdastjóri Iðunar, (fundur 03/01/07)  
Ólafur Jónsson, Iðan (fundur 03/01/07).  
Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins (fundur 05/01/07)  
Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins (fundur  
05/01/07)  
Ingi Bogi Bogason, sérfræðingur Samtökum iðnaðarins (fundur 05/01/07)  
Sabine Leskopf, Samtök kvenna af erlendum uppruna (fundur 08/01/07)  
Amal Tamimi, Samtök kvenna af erlendum uppruna (fundur 08/01/07)  
Irma Matchavariani, Samtök kvenna af erlendum uppruna (fundur 08/01/07)  
Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, fundur með fulltrúum ASÍ, 08/01/07  
Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambands Íslands, fundur með fulltrúum  
ASÍ, 08/01/07  
Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ, fundur með fulltrúum ASÍ, 08/01/07  
Jóni Hermannsson og Hermann Jónsson, kvikmyndagerðarmenn (fundur 10/01/07)  
Kristín Njálisdóttir, Landsmennt, (fundur 10/01/07)  
Sveinn Aðalsteinsson, Starfsafl, (fundur 10/01/07)

Ástríður Valbjarnardóttir, Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks, (fundur 12/01/07)  
Stefanía Magnúsdóttir, Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks, (fundur 12/01/07)

## **Fylgiskjal 4. Fréttatilkynning um auglýsingu 12. janúar 2007**

Menntamálaráðuneyti hefur auglýst fyrstu úthlutun styrkja til fræðsluaðila og fyrirtækja er bjóða nám í íslensku sem ekki er hluti af almennu námi á grunn- eða framhaldsskólastigi árið 2007.

Styrkveitingar þessar byggja á samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 10. nóvember sl. þar sem ákveðið var að fela menntamálaráðuneyti framkvæmd verkefnis um íslenskukennslu fyrir útlendinga og verja til þess 100 m.kr. árið 2007. Af þeirri upphæð verður a.m.k. 70 m.kr. varið til styrkja vegna námskeiðahalds.

Markmiðið með styrkjunum er að gefa öllum sem búsettir eru á Íslandi færi á að öðlast þá færni í íslensku að þeir geti orðið virkir samfélagsþegnar. Fræðsluaðilar og fyrirtæki sem bjóða starfsmönnum sínum upp á skipulagða kennslu í íslensku, og eru á fyrirtækjaskrá, geta sótt um styrki. Fyrirtæki, sem ekki eru fræðsluaðilar, þurfa að hafa samning við hæfan fræðsluaðila er annast kennsluna.

Verkefnisstjórn vegna íslenskukennslu fyrir útlendinga var skipuð 24. nóvember sl. Við undirbúning fyrstu úthlutunar styrkja til námskeiða í íslensku hefur stjórnin haft samráð við fjölmarga hagsmunaaðila. Jafnframt vinnur verkefnisstjórnin að undirbúningi annarra þátta þessa viðfangsefnis sem eru námskrár- og námsefnisgerð, menntun kennara, gæðaeftirlit og námsmat.

Styrkjum er úthlutað tvisvar til þrisvar á ári eftir atvikum.

Vakin er sérstök athygli á að umsækjendum er gert að sækja um á rafrænu formi.

Umsóknareyðublöð og nauðsynlegar upplýsingar eru aðgengilegar undir flokknum sjóðir og eyðublöð

á vef menntamálaráðuneytis: [menntamalaraduneyti.is](http://menntamalaraduneyti.is). Umsóknir skal senda á [postur@mrn.stjr.is](mailto:postur@mrn.stjr.is)

Umsóknarfrestur er til 2. febrúar 2007.

## Fylgiskjal 5. Auglýsing um styrki 12. janúar 2007

Auglýst er eftir umsóknum um styrki til námskeiða í íslensku sem ekki eru hluti af almennu námi á grunn- eða framhaldsskólastigi. Markmið með styrkjunum er að gefa öllum sem búsettir eru á Íslandi færi á að öðlast þá færni í íslensku að þeir geti orðið virkir samfélagsþegnar.

Fræðsluaðilar og fyrirtæki sem bjóða starfsmönnum sínum upp á skipulagða kennslu í íslensku og eru á fyrirtækjaskrá geta sótt um styrki. Fyrirtæki, sem ekki eru fræðsluaðilar, þurfa að hafa samning við hæfan fræðsluaðila er annast kennsluna.

Umsækjandi skal veita menntamálaráðuneyti upplýsingar um markmið námsins, námsefni, kennslustundafjölda, kennslutíma, aðstöðu til kennslu, námskeiðskostnað og fjármögnun.

Þá skal og veita upplýsingar um kennara, menntun hans, hæfni og starfsreynslu. Að námskeiði loknu, áður en til lokagreiðslu styrks kemur, ber að senda inn lista með nöfnum og kennitölum nemenda sem sóttu námskeiðið og ber þá að taka mið af þeim sem mættu í 80% kennslustunda að lágmarki. Ráðuneytið áskilur sér rétt til að kalla eftir frekari upplýsingum er varða rekstur og faglega framkvæmd námskeiðahalds.

Styrkjum er úthlutað tvisvar til þrisvar á ári eftir atvikum.

**Vakin er sérstök athygli á að umsækjendum er gert að sækja um á rafrænu formi.**

[Umsóknareyðublöð](#) og nauðsynlegar upplýsingar eru aðgengilegar undir flokknum sjóðir og eyðublöð á vef menntamálaráðuneytis: [menntamalaraduneyti.is](http://menntamalaraduneyti.is). Umsóknir skal senda á [postur@mrn.stjr.is](mailto:postur@mrn.stjr.is).

Umsóknarfrestur er til 2. febrúar 2007.

## Fylgiskjal 6. Umsóknareyðublað 12. janúar 2007



**Menntamálaráðuneyti**  
Sölvhólsgötu 4 · 150 Reykjavík  
Sími 545 9500 · Bréfasími 562 3068  
postur@mnrn.stjr.is · menntamalaraduneyti.is

### Umsókn um styrk til að halda námskeið í íslensku

Umsókn verður ekki tekin til afgreiðslu nema fyllt hafi verið í alla reiti  
Vinsamlega skilið inn einu eyðublaði fyrir hvert námskeið\*

Umsækjandi:

Kennitala:

Sími:

Netfang:

Heimilisfang:

Póstfang:

Starfstengt námskeið  Almenn námskeið  Annað, hvað

Byrjendanámskeið  Framhaldsnámskeið  Annað, hvað

Markmið námskeiðs ( stutt lýsing):

Námsefni ( stutt lýsing, tilgreina titla og höfunda eftir því sem við á):

Lengd kennslustundar:

Fjöldi kennslustunda :

Hvenær dagsins fer kennsla fram:  kl.8-12  kl.13-17  kl.18-22

Upplýsingar um kennara (nafn/nöfn, menntun, starfsreynsla, móðurmál og þjóðerni):

Kennsla fer fram á vinnustað  Kennsla fer fram í sérstöku kennsluhúsnæði  Annað og þá hvað

Ef kennsla fer fram á vinnustað gerið grein fyrir aðstæðum:

Fjöldi þátttakenda (áætlaður):

Upphæð sem sótt er um:

Áætlaður kostnaður alls:

Dagsetning:

Að námskeiði loknu, áður en til lokagreiðslu styrks kemur, ber að senda inn lista með nöfnum og kennitölum nemenda sem sóttu námskeiðið og ber þá að taka mið af þeim sem mættu í 80% kennslustunda að lágmarki. Ráðuneytið áskilur sér rétt til að kalla eftir frekari upplýsingum er varða rekstur og faglega framkvæmd námskeiðahalds.

## Fylgiskjal 7. Fréttatilkynning um fyrstu úthlutun 13. mars 2007

Menntamálaráðuneytið hefur að tillögu verkefnisstjórnar, sem í sitja fulltrúar menntamálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis, úthlutað 90 milljónum króna í styrki til námskeiðahalds í íslensku fyrir útlendinga. Veittir eru styrkir til 60 aðila til að halda námskeið fyrir samtals 3.360 nemendur að þessu sinni. Ráðuneytið auglýsti í janúar sl. styrki til námskeiða í íslensku er fram færu fyrri hluta árs með umsóknarfresti til 2. febrúar sl. Í allt sóttu yfir 70 fyrirtæki og fræðsluaðilar um ríflega 144 m.kr. til að halda námskeið fyrir rúmlega 4.600 útlendinga. Ekki reyndist unnt að koma til móts við ýtrustu óskir umsækjenda.

Ríkisstjórnin ákvað hinn 10. nóvember sl. að veita 100 m.kr. til íslenskukennslu fyrir útlendinga árið 2007. Ákvörðun þessi byggði á hugmyndum þar sem miðað var við að nemendur gætu orðið 1.000 til 2.000 á ári næstu árin, að kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs næmi u.þ.b. 75%. Áætlað var að kostnaður vegna námskeiðahalds gæti numið um 70 m.kr. árið 2007, um 172-305 m.kr. árið 2008 og um 162-297 m.kr. árið 2009. Áhersla var lögð á að kostnaður við tillögurnar væri vitanlega háður því að mikil óvissa væri um hversu margir útlendingar myndu sækjast eftir því að læra íslensku. Bent var á að eðlilegt mætti telja að fleiri en hið opinbera deildu kostnaði en að rétt þætti að vara við að ætla þeim sem sækja námið að bera mikinn kostnað af því.

Athygli vekur hversu mikill áhugi er á íslenskukennslu hjá útlendingum og fyrirtækjum eins og glöggt kemur fram í fjölda umsókna. Undantekningarlítið standa hæfir kennsluaðilar, er standast kröfur um aðstöðu, námsgögn og menntun kennara, að umsóknunum.

Átak í íslenskukennslu fyrir útlendinga er umfangsmikið og kostnaðarsamt verkefni. Auk styrkveitinga til námskeiða er vinna nú hafin á vegum menntamálaráðuneytisins við undirbúning námskrágerðar og eftirlits með gæðum íslenskukennslunnar og til eflingar námsefnisgerðar og menntunar kennara. Er þess vænst að sem flestir aðilar er mál þetta varðar, starfsmenntasjóðir, stéttarfélög, fyrirtæki, sveitarfélög o.fl. leggist á eitt ásamt stjórnvöldum og veiti sem mestan stuðning til námskeiðahalds í íslensku fyrir útlendinga.

## Fylgiskjal 8. Fréttatilkynning. Yfirlit um úthlutun 27. mars 2007

Menntamálaráðuneyti hefur að tillögu verkefnisstjórnar um íslenskukennslu fyrir útlendinga úthlutað kr. 89.818.180 í styrki til námskeiðahalds í íslensku fyrir útlendinga vorið 2007. Veittir voru styrkir til 60 aðila til að halda námskeið fyrir samtals 3.360 nemendur.

### Úthlutun styrkja til íslenskukennslu fyrir útlendinga á vorönn 2007

Umsækjendur	Fjárhæð
Aðföng	400.000
Alþjóðahús	4.331.475
Alþjóðastofan Akureyri	2.634.750
Amal Tamimi	2.025.000
Bananas ehf.	500.000
Baron ehf.	378.000
BKR ehf.	200.000
Bónus	459.000
Droplaugarstaðir	675.000
Dvalarheimilið Ás	270.000
Eimskip	567.000
Eir	631.000
Eykt ehf.	675.000
Farskólinn	1.080.000
Ferskar kjötvörur	800.000
Framvegis	2.000.000
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	5.551.875
Fræðslunet Suðurlands	7.087.500
Grund	918.000
Hagkaup	96.800
Hagvagnar	800.000
Hótel Reykjavík Centrum	400.000
Hrafnista	675.000
Húsasmiðjan	220.000
Hýsing – vöruhótel	400.000
Iðan	783.000
Iðan – prent	935.550
ISS Ísland ehf.	810.000
Íslandspóstur	90.000
Ístak	3.321.000
Ítalíazzura félagið	120.000
Jáverk	198.450
Karl Smári Hreinsson	1.147.500
Katla	378.000
KS Verktakar ehf.	189.000
Leikskólasvið Reykjavíkur	1.000.000

Landspítali – háskólasjúkrahús	364.500
Landspítali – háskólasjúkrahús	1.458.000
Magnús og Steingrímur	270.000
Menntasvið Reykjavíkurborgar	1.000.000
Miðstöð símenntunar Suðurnes	8.833.455
Miklartorg IKEA	180.000
Mímir	17.887.500
Mjólka ehf.	450.000
Námsflokkar Hafnarfjarðar	2.700.000
Norræna félagið	300.000
Paolo Turchi	232.875
Símenntunarmiðstöð Vesturlandi	3.227.000
Símey/Margvís	870.750
Símey/Margvís	1.323.000
SJ Trésmiðja	20.250
Sæmundur fróði	783.000
Viska	1.120.200
Vífilfell	200.000
Vínbúð	60.750
Þekkingarnet Austurlands	3.442.500
Þekkingarsetur Þingeyinga	1.552.500
Þjónustumiðstöð Miðbæjar og Hlíða	432.000
Þjónustumiðstöð Vesturbæjar	162.000
Reising ehf	200.000
<b>Samtals</b>	<b>89.818.180</b>

**Viðmið við úthlutun.** Ákveðið var að styrkja sem flesta umsækjendur og að fræðsluaðilar eða fyrirtæki með fáa þátttakendur nýtu forgangs. Með því er leitast við að gera sem flestum fyrirtækjum og fræðsluaðilum kleift að bjóða íslenskukennslu fyrir útlendinga og sem víðast á vinnustöðum. Að þessu sinni var einungis úthlutað vegna kennslu á fyrri hluta árs 2007. Við úthlutun var ákveðið að fyrir fyrstu 50 nemendur yrði úthlutun óskert miðað við umsókn en næstu 51-100 fengju 25% skerðingu og 5% til viðbótar fyrir hverja 100 eftir það, sjá nánar í meðfylgjandi töflu.



Útreikningar	Hlutfall	Fjöldi nemenda
0-50 einstaklingar	0	50
51-100 einstaklingar	25%	88
101-200 einstaklingar	30%	158
201-300 einstaklingar	35%	223
301-400 einstaklingar	40%	283
401-500 einstaklingar	45%	338
501-600 einstaklingar	50%	388
601-700 einstaklingar	55%	433
701-800 einstaklingar	60%	473
801-900 einstaklingar	65%	527
901-1000 einstaklingar	70%	557

## Fylgiskjal 9. Fréttatilkynning um aukin framlög 7. ágúst 2007

Ríkisstjórnin ákvað fyrir í sumar að veita 100 millj. kr. til námskeiða í íslensku fyrir útlendinga síðari hluta árs 2007. Styrkir til námskeiðahalds verða auglýstir á næstunni og verða styrkveitingar með svipuðu sniði og sl. vor þegar ákveðið var að úthluta 90 millj. kr. til þessa viðfangsefnis.

Ráðuneytið auglýsti í janúar styrki til námskeiða í íslensku sem haldin voru fyrri hluta ársins 2007. Alls sóttu yfir 70 fræðsluaðilar og fyrirtæki um ríflega 144 millj. kr. til að halda námskeið fyrir rúmlega 4.600 útlendinga. Veittir voru 60 styrkir til að halda námskeið fyrir samtals 3.360 nemendur. Ekki reyndist unnt að koma til móts við ýtrustu óskir umsækjenda.

Athygli vakti við fyrri úthlutun þessa árs hversu mikill áhugi er á íslenskukennslu hjá útlendingum og fyrirtækjum eins og glögg kom fram í fjölda umsókna. Umsækjendur voru undantekningarlítið hæfir kennsluaðilar sem stóðust kröfur um aðstöðu, námsgögn og menntun kennara.

## Fylgiskjal 10. Reglur um úthlutun styrkja 17. janúar 2008

### 1. gr.

Menntamálaráðuneyti úthlutar styrkjum til fræðsluaðila og fyrirtækja er bjóða nám í íslensku sem ekki er hluti af almennu námi á grunn- eða framhaldsskólastigi.

Markmiðið með styrkjunum er að gefa öllum sem búsettir eru hér á landi færi á að öðlast þá færni í íslensku að þeir geti orðið virkir samfélagsþegnar á Íslandi.

### 2. gr.

Styrkir til íslenskukennslu eru auglýstir til umsóknar í fjölmiðlum og á vef menntamálaráðuneytis. Umsóknareyðublöð eru einnig á vefnum og skal skila umsóknum til ráðuneytisins á rafrænu formi.

Styrkjum er úthlutað tvisvar til þrisvar á ári eftir atvikum.

### 3. gr.

Rétt til að sækja um styrk eiga fræðsluaðilar og fyrirtæki sem bjóða starfsmönnum sínum upp á skipulagða kennslu í íslensku og eru á fyrirtækjaskrá. Fyrirtæki, sem ekki eru fræðsluaðilar, þurfa að hafa samning við hæfan fræðsluaðila er annast kennsluna.

### 4. gr.

Umsækjandi skal veita menntamálaráðuneyti upplýsingar um markmið námsins, lýsingu á inntaki þess, námsefni og aðstöðu til kennslunnar, kennara, menntun hans eða færni og starfsreynslu. Einnig skal veita upplýsingar um kennslustundafjölda, nemendafjölda, kennslutíma, um námskeiðskostnað og fjármögnun.

### 5. gr.

Menntamálaráðuneytið greiðir umsækjendum, sem uppfylla sett skilyrði, grunn gjald að upphæð 5.000 kr. fyrir námskeiðsstund. Gert er ráð fyrir að hver námskeiðsstund sé að lágmarki 40 mín. Umsækjendur geta að auki fengið úthlutað allt að 300 kr. fyrir hverja nemendastund.<sup>1</sup>

Þátttakandi á námskeiði skal mæta til 75% kennslustunda að lágmarki til þess að þátttaka hans teljist styrkhæf.

### 6. gr.

Við upphaf námskeiðs greiðir menntamálaráðuneyti umsækjanda grunn gjald námskeiðs/námskeiða. Lokagreiðsla fer fram þegar ráðuneytinu hafa borist fullnægjandi upplýsingar um hvert námskeið og nöfn ásamt kennitölum þátttakenda.

### 7. gr.

Menntamálaráðuneyti hefur eftirlit með framkvæmd íslenskukennslu samkvæmt reglum þessum og metur hvort umsækjandi telst uppfylla lágmarkskröfur sem gerðar eru til fræðsluaðila.

---

<sup>1</sup> Skýringar

Námskeiðsstundir vísa til lengdar námskeiða, t.d. 50 stundir.

Nemendastundir eru fundnar með því að margfalda fjölda nemenda á námskeiði með lengd þess í námskeiðsstundum.

## Fylgiskjal 11. Heildargreiðslur styrkja 2007

Umsækjandi	Greiðslur vor 2007	Greiðslur haust 2007	Samtals greitt 2007
Alþjóðahús	2.064.535	500.000	2.564.535
Alþjóðastofan Akureyri	2.634.750	0	2.634.750
Amal Tamimi	2.025.000	0	2.025.000
Bananar ehf.	500.000	295.000	795.000
Baron ehf.	151.200	0	151.200
Betri árangur	0	580.000	580.000
Bláa lónið	0	376.000	376.000
BKR	200.000	0	200.000
Bónus	351.000	455.000	806.000
Breiðagerðisskóli	0	120.000	120.000
Bros - Gjafaver	0	121.500	121.500
CCP	0	129.600	129.600
Center Hotels Skjaldbreið	0	162.000	162.000
Droplaugarstaðir	567.000	214.000	781.000
Dvalarheimilið Ás	270.000	0	270.000
Eimskip	415.800	0	415.800
Einingaverksmiðjan Borg	0	250.000	250.000
Eir	463.000	0	463.000
Eykt ehf.	675.000	235.000	910.000
Farskólinn Norðurlandi vestra	1.080.000	573.750	1.653.750
Ferskar kjötvörur	460.000	400.000	860.000
Framvegis	950.000	3.200.000	4.150.000
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	4.677.350	3.510.000	8.187.350
Fræðslunet Suðurlands	7.087.500	5.695.000	12.782.500
Garðabær	0	667.000	667.000
Grund	918.000	360.000	1.278.000
Hagkaup	52.800	613.000	665.800
Hagvagnar	533.000	648.000	1.181.000
Heilbrigðisstofnun Austurlands	0	180.000	180.000
Holtsbúð	0	243.000	243.000
Hótel Rvík Centrum	160.000	0	160.000
Hrafnista	648.000	297.000	945.000
Hýsing - vöruhótel	400.000	0	400.000
Iðan	935.550	1.067.000	2.002.550
ISS Ísland ehf.	729.000	507.000	1.236.000
Íslandspóstur	90.000	0	90.000
Íslenska járnblendifélagið	0	526.000	526.000
Ístak	405.000	0	405.000
Ítalíazzura félagið	72.000	0	72.000
Íprótta- og tómsundasvið. Rvk.	0	270.000	270.000
Jáverk	184.275	0	184.275

Karl Sm. Hreinsson	1.147.500	1.518.750	2.666.250
Klæðning		160.000	160.000
KS Verktakar	189.000	0	189.000
Kvöldskóli Kópavogs	0	1.957.500	1.957.500
Leikskólasvið Rvík	345.000	323.000	668.000
Lóðþjónustan	0	368.500	368.500
LSH	1.798.200	3.010.000	4.808.200
Magnús og Steingrímur	135.000	0	135.000
Marel	0	297.000	297.000
Menntasvið Rvík	396.550	374.000	770.550
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	8.833.455	6.263.520	15.096.975
Miklartorg IKEA	180.000	0	180.000
Mímir - símenntun	17.887.500	21.363.750	39.251.250
Námsflokkar Hafnarfjarðar	2.700.000	4.750.000	7.450.000
Netmennt	0	425.250	425.250
Norræna félagið	300.000	600.000	900.000
Nýsir	0	438.750	438.750
Paolo Turchi	200.755	432.000	632.755
Plastprent	0	534.000	534.000
Radisson SAS 1919	0	364.500	364.500
Radisson SAS Hótel Saga	0	454.000	454.000
Reising	200.000	0	200.000
Samskip	0	1.200.000	1.200.000
Símenntunarmiðstöð Vesturlands	3.227.000	3.330.000	6.557.000
Símey/Margvís	2.193.750	7.020.000	9.213.750
SJ Trésmiðja	20.250	0	20.250
Sjálfsbjargarheimilið	0	243.000	243.000
Sólning	0	400.000	400.000
Tómstundaskólinn	0	180.000	180.000
Viska Vestmannaeyjum	672.200	1.181.250	1.853.450
Vífilfell	167.000	506.250	673.250
Vínbúð	60.750	0	60.750
Þekkingarnet Austurlands	3.138.750	6.682.500	9.821.250
Þekkingarsetur Þingeyinga	1.552.500	773.335	2.325.835
Þjónustumiðstöð miðborgar og Hlíða	351.000	1.930.500	2.281.500
Þjónustumiðstöð Vesturbæjar	200.000	0	200.000
<b>Samtals</b>	<b>75.595.920</b>	<b>89.276.205</b>	<b>164.872.125</b>

## Fylgiskjal 12. Fyrsta úthlutun vor 2008 - vilyrði

Umsækjandi	Fjöldi námskeiða	Heildarfjöldi nemenda.	Vilyrði um styrk
A & V ehf.	1	15	380.000
Actavis	3	27	897.000
Amal Tamimi	1	20	1.100.000
Alþjóðahús - unglingar	1	10	640.000
B & G	1	15	380.000
Banar ehf.	1	12	344.000
Betri árangur	16	163	926.000
Breiðagerðisskóli	1	5	150.000
CCP	2	18	616.000
Farskólinn Norðurlandi vestra	5	53	1.617.750
Framvegis	12	160	3.240.000
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	9	86	3.440.000
Fræðslunet Suðurlands	16	201	7.015.000
Fullorðinsfræðslan	14	160	5.310.000
Garðabær	1	10	320.000
Grund	2	30	760.000
Hagkaup	3	45	1.140.000
Hagvagnar	3	45	1.140.000
Háskólinn í Reykjavík	2	30	684.000
Heilbrigðisstofnun Austurlands	1	10	300.000
Hrafnista	1	15	950.000
Hreint	2	20	480.000
Iðan	14	210	5.320.000
ISS Ísland ehf.	3	45	1.140.000
Íbyggð ehf.	1	15	380.000
Íslandspóstur	2	33	478.000
Ístak	2	25	700.000
Ítalíazurra	1	5	75.000
Íprótta- og tómsstundasvið	1	17	374.000
Kaupás	2	30	760.000
Klæðning	1	15	380.000
Kópavogsbær	1	15	374.000
Kvöldskóli Kópavogs	24	315	10.725.000
Leikskólar Kópavogs	1	15	380.000
Leikskólasvið/Menntasvið Rvík	5	55	1.660.000
LSH (ófaglærðir)	5	85	2.932.000
LSH (hjúkrunarfræðingar)	2	15	1.160.000
Marel	1	7	284.000
Margvís	29	350	10.000.000
Málaskólinn Lingva ehf.	5	120	976.000
Mest	3	45	1.140.000
Miklartorg IKEA	3	30	180.000
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	35	350	11.417.875

Mímir -símenntun	85	1141	37.600.000
Námsflokkar Hafnarfjarðar	16	165	5.065.000
Nings	1	3	336.000
Saga Akademía ehf.	3	60	1.650.000
Samskip	4	70	1.640.000
Samtök um kvennaathvarf	1	10	320.000
Símenntunarmiðstöð Vesturlands	12	142	3.880.000
Sjálfsbjargarheimilið	1	10	336.000
Skógarbær	2	30	760.000
Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar	3	50	1.200.000
Sólning Kópavogi	1	10	320.000
Sunnuhlið	1	15	400.000
Tanni	1	5	325.000
Tómstundaskólinn	4	44	1.660.000
Tungumálaskólinn ehf.	1	50	1.000.000
Viska Vestmannaeyjum	6	60	2.376.000
Þekkingarnet Austurlands	13	130	4.647.500
Þekkingarsetur Þingeyinga	12	142	5.130.000
Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða	1	7	187.000
Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða flm.	1	9	3.542.000
Þjónustumiðstöð Vesturbæjar	1	7	187.000
Össur	1	10	320.000
<b>Samtals</b>	<b>410</b>	<b>5.117</b>	<b>155.547.125</b>







